

Nr. 130 / 12 Kristín PH 157**Ásigling á léttbát**

Skipaskr.nr. 0972
Smíðaður: Þýskaland 1965, stál
Stærð: 256 brl. 401 bt.
Mesta lengd: 41,71 m Skráð lengd: 38,4 m
Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,1 m
Vél: Mirreles Blackstone 589 kW, 1982
Fjöldi skipverja: 14



Kristín©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. maí 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 27. maí 2012 var Kristín PH 157 á línuveiðum á SV miðum. Veður: Hægviðri og hjart.

Verið var að draga línustubb sem slitnað hafði frá aðallögninni nokkru áður og var drátturinn langt kominn. Tveir skipverjar voru að sigla á léttbát og létu svo reka um stund. Þegar drættinum var að ljúka lét skipstjóri þá vita í gegnum talstöð að hann ætlaði að kippa. Að loknum drættinum var skipið sett á ferð og stefna sett á næsta ból. Þegar bátsverjar sáu að skipið sveigði og hélt stefnu á þá reyndu þeir að koma neyðarstöðvunarklofinu á sinn stað til að gangsetja mótörinn en áður en ræsing tókst var skipið komið svo nálægt að þeir stukku fyrir borð. Sigldi skipið á léttbátinn. Bátsverjarnir flutu sitt hvoru megin aftur með skipinu og komust aftur um borð í léttbátinn. Sigldu þeir að skipinu, sem þá hafði verið snúið við, og voru þeir hífðir um borð. Skipverjunum varð ekki meint af volkinu enda klæddir björgunarbúningum en smá skemmdir urðu á léttbátinum.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn bátsverja höfðu þeir verið að æfa sig á léttbátinum um nokkurn tíma þegar þeir stöðvuðu vélina til að fá sér að reykja. Þá var léttbáturinn nokkru framan við bakborðsbóg skipsins og að þeir töldu í sjónlínu frá brú;
- að annar bátsverjinn sagði að skipstjóri hafi ítrekað við skipverja sem væru að æfa sig á léttbátinum að stöðva aldrei fyrir framan skipið og vera ávallt í sjónlínu frá brú;
- að skipstjóri sagði að brú skipsins stæði lágt og sæist því illa fram fyrir skipið. Hann hafi ekki séð léttbátinn áður en hann setti á ferð enda reiknaði

hann með að þeir væru fyrir aftan eins og þeir voru þegar hann aðvaraði þá um að sigling hæfist innan stundar að næsta bóli;

- að sögn annars skipverjans hafði skiptjórinn sett reglur um að vera ekki fyrir framan skipið og ekki nær en 200 metra þegar verið væri að draga og vera í auglýn skipstjórnenda. Hinn bátsverjinn sagðist ekki muna að það væru til reglur eða fyrirmæli um hvernig ætti að haga sér við siglingu á léttbátum.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var að ekki var gætt fyllsta öryggis við siglingu skipsins og léttbátsins.